

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/2458
komudagur 7.5.2001



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími: 540 6400
Fax: 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Reykjavík 3. maí 2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 624. mál, heildarlög

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallað um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Almennt telur hún lagafrumvarp þetta skýrt og til mikilla hagsbóta bæði fyrir atvinnurekendur og útlendinga er starfa eða vilja starfa hér á landi. Nauðsynlegt er að kveða nákvæmlega á um réttindi og skyldur beggja aðila. Benda má á að lítið eða ekkert er fjallað um skyldur útlendinga í lögum þessum s.s. einfaldar upplýsingar um skyldur þeirra til að fara eftir íslenskum lögum og kjarasamningum stéttarféлага sem þeir þiggja laum samkvæmt, en á þessi atriði hefur reynt á öðrum Norðurlöndum.

I. kafli

1. gr. 2mgr. Er óljós. Til að skýra nánar mætti bæta við ...s.s. atvinnurekendur.

II. kafli

7. gr. a. liður, viðbótarsetning....þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar ekki er um sérstaka svæðismiðlun að ræða. (Þetta á við um heilbrigðisstéttir, þ.m.t. hjúkrunarfræðinga).

d. liður, sjúkratrygging gildi frá dagsetningu ráðningar, biðtími á tryggingaskírteini verði ekki leyfður.

f. liður, heimilt verði að krefjast endurtekinna og nýrra vottorða (spurning að reglugerðin taki á þessu atriði).

Nánustu aðstandendur verði skilgreindir í lögnum eins og orðið "útlendingur" ekki nægjanlegt að gera það í athugasemdum með frumvarpinu. Ber að túlkast þröngt.

8.gr. 3. málsg. Tilgreina hámarkstíma sem síðan getur framlengst, s.s. 5 ár nema að aðþjóðasamningar kveði á um annað.

9.gr. mjög til bóta.

Viðbótarsetning við **9.gr.**

Félagsmálaráðuneytið ásamt atvinnurekendum gefi reglulega út upplýsingarit á erlendum tungumálum um íslenskt samfélag og þá fræðslu er útlendingum stendur til boða hverju sinni.

Stjórn teljur nauðsynlegt að félagsmálaráðuneytið hafi hér skyldum að gegna s.s. útgáfu upplýsingarita á mismunandi tungumálum. Slíkt yrði of dýrt og of viðamikið fyrir einstaka atvinnurekanda og eða stéttarfélag, þannig að auknar líkur eru á að upplýsingarskyldan yrði ekki sem skyldi ef ekki eru til aðgengilegar upplýsingar.

11.gr. 2m. Hjúskapur hafi varað í þrjú ár, og hinn erlendi maki þarf að eiga og hafa átt samfelld lögheimili hér á landi í a.m.k. þrjú ár. Þá er samræmis gætt í allri greininni.

13.gr. Í athugasemdum með lagagreininni komi fram að Vinnumálastofnun beri að auglýsa a.m.k. einu sinni á ári, hverjir hafi milligöngu og eftirlit með vistráðningum. Upplýsingarit um **13.gr.** séu gefnir út bæði á íslensku og erlendum tungumálum af félagsmálaráðuneytinu eða Vinnumálastofnun. Í þeim tilgangi að upplýsa alla aðila um réttindi þessara útlendinga, svo að ekki sé hægt að skýla sér á bak við óaðgengilegar upplýsingar.

III kafli

15.gr.

b. liður, nauðsynlegt er að skilgreina orðið "listamaður"

Næstsíðasta mgr. bæta inn í setninguna og að hún hljóði svo: Þeir sem koma fram á naturklúbbum og eða skemmtistöðum eru ekki undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi.

Rök: Hægt er að breyta skilgreiningum á klúbbum eða skemmtistöðum eftir þörfum, einnig má benda á að einkaklúbbar eru ekki skilgreindir í lögum þessum.

IV. kafli

17.gr. Spurning hvort ekki þurfi að koma fram í athugasemdunum, að hafi atvinnurekandi ítrekað brotið gegn lögum þessum skulu hann sæta eftirliti af hálfu þar til gerðra yfirvalda hafi hann útlendinga í þjónustu sinni, í einhvern ákv. tíma.

V. kafli

19.gr. Greinin er óljós og athugasemdirnar við greinina ekki fullnægjandi. Þar sem um nýmáli er að ræða er æskilegra að markmiðin séu ljósari. Það kemur einungis fram í athugasemdunum að nefndinni er ætlað að móta verklag og fjalla um álitamál er upp kunna að koma, samanber að í 1.mgr. kemur einungis fram að nefndin er mynduð um framkvæmd laganna en ekki hvert sé starfssvið hennar. Nauðsynlegt er t.d. að fram komi í lagatextanum að nefndinni er ætlað að fjalla um álitamál um framkvæmd laganna. Hætta er á ruglingi við 25.gr. lagana um samstarfsnefndina. Til vara, teljur stjórn nauðsynlegt að Félagsmálaráðuneytið móti nánari reglur um starf og viðfang samráðsnefndarinnar.

VII kafli

Ekki frekari athugasemdir en fram kemur við 19.gr.

Með kveðju,



Herdís Sveinsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga